

Nefndasvið Alþingis
b.t. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/119
komudagur 1.11.2013

Reykjavík, 1. nóvember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944 með síðari breytingum (notkun fánans) – þskj. 13.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1994 með síðari breytingum sem lagt var fyrir þingið þann 3. október 2013, sbr. þingskjal nr. 13. Félag atvinnurekenda (FA) fagnar frumvarpinu og telur löngu tímabært að rýmka reglur um notkun þjóðfána Íslands. Slíkt getur auðveldað íslenskum fyrirtækjum við markaðssetningu á vörum sínum og þjónustu og þannig gert þau samkeppnishæfari á alþjóðlegum sem og innlendum markaði.

Félag atvinnurekenda hefur hins vegar eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins:

a) Skýr reglugerð:

Í b.lið 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að kveða á um nánari skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu. FA telur um sé að ræða of opna reglugerðarheimild enda ljóst að löggjafinn tiltekur ekki sérstaklega hvað ráðherra hefur heimild til að útfæra í reglugerð. Lagaákvæðið, samkvæmt frumvarpinu, er að mati FA skýrt og því óþarft að veita ráðherra opna heimild til að kveða nánar á um reglur um notkun þjóðfánans. Telji löggjafinn þörf á að veita ráðherra heimild til að útfæra reglur um notkun þjóðfánans, umfram það sem kemur fram í ákvæðinu, þá ber að afmarka betur reglugerðarheimildina, þar að lútandi.


b) Leyfi fyrir notkun þjóðfánans í vörumerki:

Í 2. mgr. a.liðar 1. gr. frumvarpsins þá er skylt fá leyfi frá ráðherra um notkun þjóðfánans í vörumerki sem ætlað er að skrásetja hjá Einkaleyfastofu. Í greinargerð við frumvarpið er ekki að finna ástæðu fyrir þessari reglu. FA leggur til að leyfa notkun á þjóðfána Íslands í vörumerki án þess að sækja þurfi um sérstakt leyfi hjá ráðherra enda ljóst að engin haldbær rök hafa verið lögð fram um nauðsyn slíkrar takmörkunar. Telur FA að heldur ætti að herða eftirlit og beita viðurlögum eins og t.d. sektum verði einhver uppvís að því að brjóta reglur um notkun þjóðfánans.

Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir ítrekar Félag atvinnurekenda ánægju sína með umrætt frumvarp og leggur til að það verði að lögum, að virtu þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið.

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur